

„Ég held að það sé óhætt að segja að þar sem miðborgin er ekki sundur grafin sé hún miklu fallegri í dag en hún var fyrir fáeinum áratugum síðan.“

HVERFISBLAÐIÐ

Miðborg & Hlíðar

„Hér er einkabíllinn ekki allsráðandi. Menningarstofnanir og bókabúðir eru í göngufæri. Hér er líka mesta fjörið, þó maður sé auðvitað hættur að sækja í það eins og þegar maður var yngri.“

ÍBÚASAMTÖK MIÐBORGAR



Aðalfundur ÍMR

Aðalfundur Íbúasamtaka Miðborgar Reykjavíkur verður haldinn í Spennistöðinni, félags og menningarmiðstöð miðborgarinnar fimmtudaginn 17. október kl. 20

Venjuleg aðalfundarstörf og íbúar eru hvattir til að mæta og hafa áhrif

Stjórn ÍMR

Dagskrá ÍMR í Spennistöðinni – íbúahúsi

Spennistöðin, félags og menningarmiðstöð miðborgarinnar var opnuð 2014 í aflagðri spennistöð við hlið Austurbæjarskóla eftir áralanga baráttu íbúasamtakanna, Foreldrafélags Austurbæjarskóla, Austurbæjarskóla og frístunda- miðstöðvarinnar Kamps. Sérstaða Spennistöðvarinnar sem félagsmiðstöðvar er að hún er einnig íbúahús. Eins og undanfarin ár standa Íbúasamtökin fyrir ýmiskonar uppákomum í Spennistöðinni í vetur, málþingum, smiðjum og fleiru. Uppákomurnar eru flestar annan laugardag í mánuði hverjum og ákveðið hefur verið með hvaða hætti þær verða til áramóta. Enn á eftir að ákveða dagskrána eftir áramót og því er spurt: Lumar þú á góðri hugmynd?

Laugardagur 12. október kl. 13-15

Málþing um umferðarmál, almenningsamgöngur og flutning ferðamanna í miðbænum

Fimmtudagur 17. október kl. 20

Aðalfundur íbúasamtaka Miðborgar Reykjavíkur. Venjuleg aðalfundarstörf og íbúar eru hvattir til að mæta og hafa áhrif

Laugardagur 9. nóvember kl. 13-15

Málþing um verzlun og þjónustu í miðbænum.

Laugardagur 14. desember kl. 13-15

Skammdegisgleði íbúasamtakanna. Tónlist, gleði og gaman fyrir alla fjölskylduna

Laugardagur 11. janúar kl. 13-15

Málþing, smiðja eða önnur uppákoma. Hefur þú hugmynd?

Laugardagur 8. febrúar kl. 13-15

Málþing, smiðja eða önnur uppákoma. Hefur þú hugmynd?

Laugardagur 14. mars kl. 13-15

Málþing, smiðja eða önnur uppákoma. Hefur þú hugmynd?

Laugardagur 11. apríl kl. 13-15

Málþing, smiðja eða önnur uppákoma. Hefur þú hugmynd?

Laugardagur 9. maí kl. 13-15

Vorblót íbúasamtakanna. Tónlist, gleði og gaman fyrir alla fjölskylduna

Íbúarnir alltaf opnir fyrir samráði og samtali

Benóný Ægisson, formaður Íbúasamtaka miðborgarinnar hefur áhyggjur af fækkun barnafólks í miðbænum en er bjartsýnn fyrir framtíð miðborgarinnar, sérstaklega ef borgaryfirvöld og framkvæmdaaðilar hlusta á íbúana

„Miðborgin er mannvænlegasta hverfi borgarinnar. Hér er einkabíllinn ekki allsráðandi. Menningarstofnanir og bókabúðir eru í göngufæri. Hér er líka mesta fjörið, þó maður sé auðvitað hættur að sækja í það eins og þegar maður var yngri. Svo er nálægðin við sjóinn algerleg ómetanleg, þó það sé verið að byggja fyrir útsýnið á allt of mörgum stöðum. Ég hef búið hér mestanpart fullorðinsævi minnar í miðbænum og get hvergi annarstaðar hugsað mér að búa,“ segir Benóný Ægisson, formaður Íbúasamtaka Miðborgarinnar. „Það er allt of oft talað með neikvæðum hætti um miðborgina, en sannleikurinn er sá að þó það megi margt betur fara er miðborgin fallettri og snyrtilegri en hún var fyrir 35 árum þegar ég flutti í hverfið.“

Íbúarnir eru sérfræðingar í eigin hverfi

Ég settist niður með Benóný í fallegu bárujárnshúsi á baklöd við Skólavörðustíg þar sem hann hefur búið síðan 1989 til að ræða um þróun miðbæjarins síðustu áratugi, starfsemi íbúasamtakanna og þau verkefni sem blasa við.

„Hlutverk íbúasamtakanna er að efla samkennd íbúanna og berjast fyrir hagsmunamálum þeirra,“ segir Benóný. Samtökin eiga fulltrúa í Miðborgarstjórn og hafa aðgang að hverfisráði miðborgarinnar. „Við ályktun reglulega um skipulagsmál og ýmislegt annað sem snýr að íbúum hverfisins og höldum samráðsfundi og málþing.“

Benóný leggur áherslu á mikilvægi þess að rödd íbúa miðborgarinnar heyrir. „Við íbúarnir eru sérfræðingar í hverfinu okkar, og við erum alltaf opin fyrir samráði og samtali. Það hefur sýnt sig að þegar við höfum verið höfð með í ráðum með uppbyggingu hefur niðurstaðan verið miklu betri, og ég er fullviss um að það hefði mátt afstýra ýmsum slysum eða lágmarka skaðann ef framkvæmdaaðilar hefðu leitað til okkar.“

Eitt síðasta hverfi borgarinnar til að eignast íbúasamtök

Allir íbúar miðborgarinnar teljast til félaga í Íbúasamtökum miðborgarinnar, og hafa kjörgengi og atkvæðisrétt á fundum þeirra. Samtökin voru stofnuð í mars 2008 og eru því orðin ellefu ára gömul. Þó miðborgin sé elsta íbúahverfi borgarinnar er það líka eitt það síðasta til að eignast íbúasamtök. „Önnur hverfi borgarinnar hafa átt sér íbúasamtök um áratugaskeið. Á vísu hafa verið stofnuð íbúasamtök í ýmsum hlutum hverfisins, til dæmis fyrir Þingholtin og norðanvert Skólavörðuholtið, en þau hafa öll lognast út af eftir nokkurra ára starfsemi. Það er líklega margt sem skýrir að miðborgin er svona sein að eignast íbúasamtök. Eitt er að í miðbænum eru svo margir og ólíkir hagsmunaaðilar. Við íbúarnir deilum hverfinu með verslunum og veitingastöðum, menningarstofnunum og ríkisstofnunum. Og á síðustu árum hefur svo ferðamannaiðnaðurinn bæst við með hótélum og Airbnb. Þetta nuddast allt saman og rekst á.“

Þessi núnigun er þó um leið ein mikilvægasta ástæða þess að íbúar miðborgarinnar þurfa samtök til að tala máli sínu og berjast fyrir hagsmunum sínum.

Miklar breytingar í miðborginni

Miðborgin hefur gengið í gegnum

gríðarlegar breytingar síðan Íbúasamtökin voru stofnuð. Í mars 2008 lifðu Íslendingar enn í talsýnni um alþjóðlega fjármálamiðstöð og Dubai Norðursins, og grafin var risavaxin hola við höfnina þar sem reisa átti íburðarmiklar bankahöfuðstöðvar. Hluti holunnar hefur þegar verið fylltur með hótelpbyggingu og lúxusíbúðum, sem er táknrænt fyrir þá uppbyggingu sem hefur fyllt í skarðið sem bankahrunið skildi eftir sig. „Mér finnst sumt vera farið að minna óþægilega á árið 2007. Við í Íbúasamtökunum höfum til dæmis miklar áhyggjur af offjölgun hótela í miðborginni og finnst borgin ekki hafa staðið nógu vel við loford um að það verði ekki enn meiri uppbygging þeirra. Fjölgun Airbnb-íbúða er samt kannski alvarlegra vandamál því hún hefur leitt til hækkanði leigu og fasteignaverðs. Hér í miðbænum gat ungt fólk og jafnvel blankir listamenn hafið búskap, keypt sér íbúðir eða hús og gert upp. Þetta er því miður liðin tíð og ungu fólki hefur fækkað í hverfinu. Afleiðingin er fækkun í leikskólum og grunnskóla hverfisins.“

Barnvænna og sólríkara hverfi

Benóný segir að frá stofnun hafi íbúasamtökin því lagt sitt af mörkum til að gera hverfið barnvænna. Fjölgun og endurheimt leiksvæða sem hafa horfið eru því meðal baráttumála þeirra. Benóný nefnir fótboltavöllinn fyrir aftan Frikirkjuveg 11. „Við höfum beitt okkur fyrir því að fá aftur sparkvöllinn sem hafði verið þarna um áratuga skeið áður en Björgólfur lét fjarlægja hann. Almennt finnst okkur að það mætti bæta og fjölga leiksvæðum og gördum. Eitthvað af þeim lóðum sem hafa farið undir ný stórhýsi á síðustu árum hefði til dæmis mátt breyta í almenningsgarða,“ bætir Benóný við. Vernd sögulegs arfs miðborgarinnar og baráttan fyrir barnvænni miðborg helst því í hendur. Þó þétting byggðar sé góðra gjalda verð og geti fjölgað íbúum megi það ekki verða á kostnað sérkenna og sjarma hverfisins. „Mér finnst til dæmis of lítið hafa verið gert af því að virða gömlu timburhúsahefðina. Það má alltaf byggja við eða hækka gömul timburhús, eins og gert var í Lækjargötu. Svo þarf alveg sérstaklega að gæta að því að þéttingin verði ekki til þess að búa til skuggasund og það sé byggt alveg ofan í fólk. Sólarljós er alger nauðsyn.“

Félagsmiðstöðin í gömlu spennistöðinni

Eitt fyrsta baráttumál samtakanna var að ungmenni hverfisins eignuðust félagsmiðstöð sem sárvantaði. „Strax eftir stofnun samtakanna tókum við að berjast fyrir því ásamt foreldrafélagi Austurbæjarskóla að fá spennistöðina milli Austurbæjarskóla og gamla Vörðuskóla sem félagsmiðstöð fyrir ungmenni hverfisins. Eftir nokkurra ára baráttu var félagsmiðstöðin loksins opnuð í nóvember 2014. Þá hafði t.d. verið starfrækt félagsmiðstöð í Breiðholti í ein 40 ár.“ Auk þess að hýsa félagsmiðstöð miðborgar er gamla spennistöðin menningarmiðstöð hverfisins og íbúahús, hið eina sinnar tegundar í borginni. „Þar höfum við skipulagt leiksmiðjur, danssmiðjur og tónlistarsmiðjur fyrir fólk á öllum aldri og haldið ýmis konar fundi og málþing. Við erum einu íbúasamtökin sem eiga slíkt húsnæði. Þessir viðburðir hafa verið mjög vel sóttir. Það fer dálítið eftir umræðuefninu, en málefni



barna og ungingla og sambylið við ferðapjónustuna eru þau umræðuefni sem yfirleitt draga að flesta,“ segir Benóný.

Samráð og samtali við íbúana nauðsynlegt

Samtali og samráð íbúanna og ferðapjónustunnar hefur þegar gefið góðan ávöxt. „Annað stærsta málið sem við höfum komið til leiðar frá stofnun samtakanna er samkomulag við hagsmunaaðila í ferðapjónustu um rútuumferð í hverfinu. Þar kom frumkvæðið frá ferðapjónustunni og við áttum fulltrúa í því að koma skikk á þessi mál og binda endi á að hér væru rútur að keyra fram og til baka um allar götur með tilheyrandi ónæði og óhagræði. Það er hagur allra að þessir hlutir gangi sem best fyrir sig, að stoppistöðvarnar séu almennilegar og þjóni tilgangi sínum.“ Benóný leggur áherslu á að þó fjölgun ferðamanna hafi haft ýmis neikvæð áhrif á mannlíf í miðborginni sé svartsýni ástæðulaus. „Ég ber ekki mikinn kvíðboga fyrir vexti ferðapjónustunnar, og þó maður þekki ekki jafn marga sem maður hittir á förunum vegi vegna fjölgunar ferðamanna þá hef ég ekkert á móti ferðamönnum. Ég hef sjálfur verið ferðamaður í erlendum stórborgum þar sem ég þrífst best í miðborgum og skil því mjög vel aðdráttarafi miðborgarinnar. Veitingastöðum hefur fjölgað og ferðamennirnir hafa

bætt við mannlífsflórana. Miðbærinn mun líka rétta af og hann leitar alltaf jafnvægis. Ég trúi því að við munum endurheimta mikið af því íbúðarhúsnæði sem nú er farið undir Airbnb og að íbúum hverfisins muni aftur fjölga.“

Lundabúðir birtingarmynd vaxandi einsleitni

Á undanförunum árum hefur mikið verið rætt um fjölgun „Lundabúða“ í miðbænum og sumum þykir nóg um. Benóný tekur undir þessar áhyggjur en bendir þó á að þessi saga sé ekki eins einföld og stundum er gefið í skyn. „Verslun og þjónusta hefur óneitanlega orðið einsleitari á síðustu áratugum. Blómabúðum og fiskverslunum hefur verið lokað, og svo er bakarið á Bergstaðastræti farið, eftir að hafa verið þar allt síðan á milli-stríðsárumum. Þetta er hins vegar þróun sem er miklu eldri en ferðamannabylgjan, og hefur verið að ganga yfir í tvo til þrjá áratugi. Síðasta kjötbörðið í miðbænum, Kjötúr Péturs sem áður var Kjötúr Tómasar lokaði til dæmis á horni Skólavörðustígs og Laugavegar á tíunda áratugnum þegar ýmis verslun og þjónusta sem hafði dafnað í hverfinu í áratugi var að vikja fyrir veitingahúsum. En þessi þróun hefur óneitanlega orðið meira áberandi síðan ferðamannabylgjan byrjaði.“ Benóný telur þessa þróun vera áhyggjuefni og að henni þurfi að snúa

við. „Þetta er hluti af nærþjónustunni. Það er búið að vera að byggja mikið af nýjum íbúðum og þegar fólk flytur í þessar íbúðir fjölga íbúum í hverfinu. Þá er spurning hvert þeir eiga að sækja þjónustu, eiga þeir að aka í úthverfin til þess?“

Betra manlíf og gróðursælli miðborg

Þó verslun og þjónusta hafi orðið einsleitari þýðir það ekki að mannlífið hafi orðið fátæklegra. „Síðan ég flutti hingað finnst mér samheldni íbúanna hafa vaxið mikið. Það eru haldnar götuhátíðir og grill sem þekktust ekki, og svo eru það allar þessar stóru hátíðir sem færa gríðarmikið líf í bæinn. Þó þeim fylgi götulokanir sem trufla umferð okkar íbúanna hafa þær stórbætt mannlífið. Önnur stór breyting sem hefur orðið síðan ég flutti í hverfið er hversu miklu gróðursælla það er orðið og hversu miklu betri öll umgengni hefur orðið. Það er miklu meiri gróður, stór og falleg tré og runna-gróður og blómabeð sem fá að vera í friði. Hér á árum áður voru runnar og blóm iðulega rifin upp um helgar af einhverjum fullum skrif. Þetta er blessunarlega liðin tíð. Ég held að það sé óhætt að segja að þar sem miðborgin er ekki sundur grafin sé hún miklu fallettri í dag en hún var fyrir fáeinum áratugum síðan.“

Texti: Magnús Sveinn Helgason



Spennistöðin

Spennistöðin, félags og menningarmiðstöð miðborgarinnar er áföst Austurbæjarskóla fyrir sunnan hann. Hún var byggð árið 1949 og var eins og nafnið gefur til kynna spennistöð Rafmagnsveitunnar fyrir austurbæinn. Eftir að ný spennistöð var byggð við Sundhöllina var þessi gamla spennistöð aflögð og notuð sem geymsla. Þar sem engin félagsmiðstöð var í miðbænum kom fljótlega upp sú hugmynd að innrétta félagsaðstöðu fyrir börn og unglunga hverfisins í spennistöðinni. Það gekk þó frekar seint en Íbúasamtökin

og foreldrafélög í hverfinu gengust fyrir málþingi árið 2011 um miðbæinn sem íbúahverfi og þá var krafan um félagsmiðstöð sett á oddinn. Spennistöðin, félags og menningarmiðstöð miðborgarinnar var svo opnuð 2014 og þjónar hún sem fjölnota hús fyrir Austurbæjarskóla, félagsmiðstöð fyrir unglunga hverfisins og sem íbúahús. Um þessar mundir vinnur myndlistarkonan Sara Riel að veggmalverki á framhlið Spennistöðvarinnar.

Fréttir af starfi ÍMR

Skipulagsmál

Skipulagsmál eru fyrirferðarmikill þáttur í starfi stjórnar ÍMR einkum nú á tímum mikillar uppbyggingar í miðborginni. Stjórn ÍMR hefur m.a. fjallað um og/eða ályktað um eftirtalin mál:

- Mótmaelt því að fjölbýlishúsi við Barónsstíg yrði breytt í íbúðahótel
- Gert athugasemdir við breytingartillögu á aðalskipulagi um breyttar heimildir um veitinga- og gististaði eftir landnotkunarsvæðum
- Stutt tillögu um að flytja gamalt hús á autt svæði við Bergstæðastræti
- Tekið þátt í að móta tillögur um umferð hópferðabíla í miðborginni
- Barist fyrir því að hestagerði við Fríkirkjuveg 11 yrði áfram leiksvæði barna
- Gert tillögur um fjölgun leiksvæða fyrir börn í miðbænum
- Bent á skort á biðskýlum á safnstæðum hópferðabíla
- Gert athugasemdir við fyrirkomulag íbúaráða
- Ennfremur hefur stjórn Íbúasamtaka Miðborgar skorað á borgarstjóra að beita sér fyrir því að aukið samráð verði haft við íbúa miðborgarinnar í skipulagsmálum og að þeir fái að hafa meiri áhrif á framtíðaruppbyggingu hverfisins

Ályktanir stjórnar ÍMR er að finna á vefslóðinni: midbaerinn.is/starf/

Umhverfisgöngur

Umhverfisgöngur eru tilraunaverkefni Íbúasamtaka Miðborgar í samstarfi við verkefnisstjóra miðborgarmála. Þetta eru göngur um afmörkuð svæði eða götur í hverfinu og er tilgangur þeirra að vera samráðsvettvangur borgaryfirvalda við íbúa til að bæta umhverfi þeirra. Tvær Umhverfisgöngur hafa verið farnar, um Iðnaðarmannareit og gamla Austurbæinn.

Heil brú

Verkefninu Heil brú var hleypt af stokkunum 2016 til að tengja saman alla notendur Spennistöðvarinnar, félags og menningarmiðstövar miðborgarinnar, og eru einkunnarorð þess: Sköpum, ræðum og leikum okkur saman. Markmiðið með verkefninu er að bæta hverfisandann og samheldnina í hverfinu og er það gert með því að halda smiðjur og málþing á laugardögum í Spennistöðinni og þær eru ætlaðar öllum íbúum í miðbænum.

Málþing í Heilli brú:

Miðborgin sem íbúahverfi
Sambylið við ferðapjónustuna (2X)
Börnin í miðbænum
Góðir grannar
Framboð til borgarstjórnar
Kjördæmafundur með þingmönnum Reykjavíkur N

Smiðjur í Heilli brú:

Leikjadagur
Blússmiðja Dóra Braga
Galdrastafa og flugdrekasmiðja
Leiksmiðja Leynileikhússins
Vorblót ÍMR (2X)
Tónsmiðja Péturs Hafþórs
Danssmiðja Kramhússins

Íbúasamtök Miðborgar

Íbúasamtök Miðborgar

Íbúasamtök Miðborgar Reykjavíkur (skammstafað ÍMR) eru félag íbúa í Miðborginni eins og hún hefur verið afmörkuð sem hverfi á milli Suðurgötu og Garðastrætis í vestri og Snorrabrautar, Flugvallavegar og Hlíðarfótar í austri. Allir íbúar sem eiga lögheimili á þessu svæði og eru 18 ára og eldri hafa kjörgengi og atkvæðisrétt á fundum félagsins. Íbúasamtök Miðborgar Reykjavíkur voru stofnsett á fundi í Iðnó þann 11. mars 2008 og íbúar á svæði þeirra eru nú um 8000.

Markmið

Tilgangur samtakanna og markmið er að efla samhug og samkennd íbúa, vera samstarfsvettvangur íbúa, félagsamtaka og hagsmunasamtaka á svæðinu, vinna að framfara- og hagsmunamálum í hverfinu, standa vörð um sérkenni hverfisins og starfa með

Hverfisráði Miðborgar og öðrum opinberum aðilum sem fara með málefni hverfisins og íbúa þess og íbúasamtökum annarra hverfa.

Stjórn ÍMR

Stjórn ÍMR er svo skipuð: Benóný Ægisson formaður, Ragnhildur Zoega varaformaður, Guðrún Erla Geirsdóttir ritari, Guðrún Janus galdkeri og Birgitta Bára Hassenstein, Eva Huld Friðríksdóttir, og Vilborg Halldórsdóttir meðstjórnendur. Varamenn eru Aðalsteinn Jörundsson, Birna Þórðardóttir, Einar Thorlacius og Kári Sölmundarson.

Vefur

ÍMR heldur úti Facebook síðu og vefnum www.midbaerinn.is með upplýsingum um fundi, störf stjórnar, upptökur og fleira. Netfang ÍMR er: midbaerinn@midbaerinn.is.



Ýmsar hagnýtar upplýsingar fyrir íbúa miðbæjarins

Veraldarvefurinn

Íbúasamtökin halda úti vefnum midbaerinn.is en þar er að finna fréttir og upplýsingar um starf samtakanna, verkefni, málþing, ályktanir, fundargerðir, lög og fleira

Fasbókin

Íbúasamtök Miðborgar Reykjavíkur halda úti Facebook-síðu en þar eru birtar tilkynningar um starfið og upplýsingar um ýmis mál sem koma íbúunum vel og eru þeir hvattir til að læka hana. Síðan er eingöngu upplýsingasíða ÍMR og geta því notendur einungis gert athugasemdir við færslur. Á Fb-síðunni Íbúar í miðborg geta notendur hinsvegar skrifað statusa

Ábendingavefurinn

Á reykjavik.is/abendingar er hægt að senda starfsmönnum Reykjavíkurborgar ábendingu um

eitthvað sem þarf að laga, eitthvað sem mætti betur fara í þjónustu borgarinnar eða annað sem fólk vill koma á framfæri

Hávaði

Samkvæmt 4. gr. Lögreglusamþykktar er óheimilt að raska næturró fólks. Ónæði vegna hávaða frá veitingastöðum eða framkvæmdum er hægt að tilkynna lögreglu í síma 112 og sé um ítrekuð brot að ræða til heilbrigðis-efirlits Reykjavíkur

Airbnb

Ábendingum um óskráða og ólöglega heimagistingu má koma á framfæri á vefnum sylumenn.is

Skipulag

Breytingar á skipulagi er hægt að kynna sér á reykjavik.is/skipulag-i-kynningu

Að búa í Miðborginni

Nokkrir íbúar hverfisins voru teknir tali og spurðir hvers vegna þeir hefðu valið að búa í Miðborginni



Margrét Erla Maack sem nú á von á sínu fyrsta barni býr við Hverfisgötu: Ég er uppalin í miðbænum og fyrst og fremst bý ég hér vegna nálægðar við meirihluta fjölskyldunnar og vinnuna mína; í skemmtibransanum, íhlaupa-búðakonustörfum og í mínu elskulega Kramhúsi þar sem ég bæði vinn og nærri andann. Eftir að hafa búið víða sæki ég alltaf í Miðbæinn, að ganga til vinnu og erinda er stórkostlegt og þetta er eins og þorp í miðri borg.



Álfheiður Ingadóttir og **Sigurmar Albertsson** hafa búið neðst í Þingholtunum frá árinu 1982: Gömlu íbúðahvefin í miðbænum eru falleg, vinaleg og vel gróin. Nálægðin við Tjörnina og fuglalífð er stærsti bónusinn. Stutt til allra átta, hvort heldur maður vill fara út á lífið eða víðra sig: Leikhús, Harpan, gallerí, barir og svo mannlífð - það er svo sannarlega gott að búa hér. Menningarborgin Reykjavík er miðbærinn!



Dýrleifi Ýr Örylgadóttir og **Kormák Geirharðson** hittum við á tröppum húss síns við Lindargötu þar sem þau hafa allíð upp fjögur börn: Við völdum að búa hér í nánd við iðandi og fjölskrúðugt mannlíf, aðgengi að fjölbreyttri menningu, verslanir og veitingahús við fótskór heimilisins. Miðborgin er miðpunktur alls sem ber að fagna og hvergi er betra að vera.



Drakúla, Viðar Eggertsson og **Sveinn Kjartansson**, búa í notalegu bárujárnshúsi við Laufásveg: Við bjuggum í miðborginni en fluttum í Fossvoginn, sem er svefnhverfi, fallett en viðburðasnautt og dauft. Miðborgin togaði í okkur og nú höfum við búið hér í 5 ár. Miðborgin er sífellt að koma okkur gleðilega á óvart. Hún hefur tekið miklum stakkaskiptum. Hér er núna iðandi, fjölbreytt og skemmtilegt mannlíf. Allt sem okkur langar að gera er í göngufæri. Við elskum miðborgina!



Guðrún Helga Stefánsdóttir og **Guðlaugur Valgarðsson** búa í appelsínrauðu húsi á norðanverðu Skólavörðuholtinu: Frá árinu 1995 höfum við búið hér og allíð upp tvær dætur okkar. Hér líður okkur best því fyrir okkur er miðbærinn eins og þorp í borginni. Stutt í vinnu og alla þjónustu og við þurfum heldur ekki að leita langt þegar við viljum njóta útveru enda bæði Hjómáskálagarðurinn og Öskjuhlíðin innan seilingar.



Natka, Máni, Martyna og **Daniel** hafa hreiðrað um sig í fallettri uppgerðri risibúð í Þingholtunum: Við sem félagsverur, viljum búa nálægt notalegu, hlýju hjarta borgarinnar. Ef þú býrð fjær og átt ekki bíl getur jafnvel stomur ógnað þörfum fyrir skemmtun. Og í Reykjavík, jafnvel í miðborginni, er himin enn svo stór - ólíkt öðrum evrópskum höfuðborgum. Óðinn blessar gömlu húsin og háu - lágu byggingarnar í 101!



Brynja Hjálmsdóttir býr vestast á Njálsgötu og vinnur á Skólavörðustíg: Mér þykir afskaplega skemmtilegt að búa í miðbænum. Ég er enga stund í vinnuna og stutt í allt sem mig vantar, sem er fyrst og fremst matur og menning. Miðbærinn er ekki fullkominn frekar en nokkurt annað hverfi en það hentar mér best að búa hér, innan um fólk og falleg hús.



Freya Elif og **Steinunn Sveinbjarnardóttir** voru fyrir utan hús í Bergstaðastræti þar sem sú yngri rekur gallerí Ekkisens og amma hennar býr: Ég er Þinghyllingur í þriðja ættlið og hef kosið búsetu hér við rætur mínar. Mér þykir gott að eiga heimili í húsum með sögu, í hverfi sem ég þekki eins og handabakið á mér og get farið um fótgangandi. Ég vil líka vera nærri ömmu minni og geta heimsótt hana daglega.



Loki Björnsson gæti e.t.v. fallið undir hópinn „latte leppandi lopatreflar“: Hérna er flest sem ég þarf. Kemst minna ferða gangandi. Góðir almenningsgarðar, stutt í Öskjuhlíðina og sjósundið í Nauthólsvík og hér eru líka litlar fallegar götur. Miðbærinn er stundum ótrúlega viðbuðaríkur t.d. á Airwaves og Listahátíð.



Katrín Oddsdóttir, Kristín Eysteinsdóttir, Día og **Aron** fluttu fyrir fáum árum í Miðborgina: Það að búa í Bergstaðastrætinu hefur alla kosti þess að búa í smáþorpi. Yndislegir nágrennar sem hjálpast að, ró og friður en samt aldrei langt í menningu, líf og fjör.



Hrafnhildur Schram og **Borgþór Kjærnestad** hafa búið við Skúlagötuna í áratugi: Það er fyrst og fremst nálægðin við náttúruna með útsýni yfir sundin, norðurfjöllin, Viðeyjastofu og Hörpuna - tvö frægustu hús danskra arkitekta í borginni. En ekki síður vegna áhugaverðs mannlífs á götum borgarinnar og safna og menningarlífsins í leik- og kvikmyndahúsum.



Mörður Árnason og **Linda Villhjálmssdóttir** búa við helstu verslunargötu borgarinnar: Fyrst strákur á 43, síðan á 46B og með Lindu í þrjátíu ár á númer 49. Kann vel við miðbæjarlífið og miðbærinn verður bara betri. Mér finnst vænt um ferðamennina, þótt þeim fylgi bæði lunda- og enskumengun. Það er gaman að horfa með þeim á bæinn - allskonar furður og fegurð sem heimamaðurinn var hættur að taka eftir.